



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 2. september 2021 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Ingimar Ingimarsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir.
Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ívar Örn Þórðarson boðuðu forföll, einnig Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi. Alta ráðgjafar sátu fundinn í fjarfundarbúnaði undir lið 2 á dagskránni.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var ákveðið að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 17.ágúst 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 2004013 – Endurskoðun Aðalskipulags Reykhólahrepps.

Alta ráðgjafar fóru yfir drög að tillögu með nefndinni og tímasetningu næstu skrefa.

3. 2108021 - Vestfjarðarvegur 60, slóði að Grónesi.

Vegagerðin hefur óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins hvort það heimili lagfæringar á vegslóð sem liggur að Grónesi, alls á um 3,3 km löngum kafla. Vegslóð fylgir núverandi vegslóð á um 2,7 km löngum kafla, en á 600 m löngum kafla fylgir hann uppgreftri sem hefur átt sér stað á svæðinu.

Tilgangurinn er að lagfæra vegslóðina, þannig að unnt verði að komast í Grónesnámunu, unnt verði að hefja vinnu við brúarstæðið og koma steypu og aðföngum að framkvæmdasvæðinu. Jafnframt mun lagfæring á vegslóð nýtast þeim rannsóknaraðilum sem þurfa að vinna að úttektum og rannsóknum á Grónesi. Eingöngu eru um lagfæringar að ræða, og ekki verið að leggja til veg sem er ætlaður sem hluti af vegakerfinu.

Vegslóðin er um 3 m að breidd, en verður 4-4,5 m að breidd eftir lagfæringu. Miðað er við að gera útskot á ákveðnum köflum til að vinnutæki geti mæst. Óskað er eftir því að geta jafnað þær brekkur sem eru brattastar.

Efnisþörf í lagfæringar er áætlaðar um 7.000 m³. Miðað er við að geta sótt það í opna námu í landi Brekku og opna námu við Álftadalsá.

Lagfæringar eru ekki í andstöðu við aðalskipulag Reykhólahrepps, og geta fallið undir skilmála framkvæmdaleyfis. Meta þarf hvort að lagfæringar á vegslóð valdi raski á birki.

Lagt er til að áður en tekin er endanleg afstaða þurfi:

- Vegagerðin að leggja fram yfirlitsupprætti og frekari hönnun á lagfæringum þar sem fram komi lega vegslóðans, umfang breikkunar og afmörkun birkis. Einnig þarf að skoða hvort að vegslóð liggji um sumarhúsaloðir sem eru á Grónesinu.
- Vegagerðin að leggja fram nánari upplýsingar um efnistöku.
- Vegagerðin að leggja fram samþykki landeiganda lagfæringum á vegslóða.

Byggt á ofangreindum gögnum getur sveitarfélagið tekið afstöðu til þess hvort það heimili viðkomandi framkvæmdir.

Sveitarfélagið gerir ekki athugasemdir við minniháttar lagfæringar, til að tryggja að rannsóknaraðilar komist til og frá Grónesinu, liggja samþykki landeigenda fyrir. Samþykkt samhljóða.

4. 1903004 – Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 – 2018, breyting vegna vindorkuvers í Garpsdal. Erindi frá verkefnastjórnar Vindorkugarðs í Garpsdal dagsett 23. ágúst 2021.

Nefndin felur skipulagsfulltrúa að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál:

1. 2109001 – Krossnes 2325833, ósk um byggingaleyfi .

Lagðar eru fram aðalupprættir frá Teikn Arkitekt.

Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um björgunarop í svefnherbergjum séu skv. byggingareglugerð. Byggingafulltrúa falið að kalla eftir frekari gögnum. Samþykkt samhljóða.

2. 2109002 – Kambur lóð 2 222-2919, nafnabreyting.

Ósk um nafnabreytingu, erindi frá eigendum Kambs lóðar 2. Ósk um að nafni fasteignar verði breytt í Litli- Kambur.

Nefndin samþykkir nafnabreytinguna samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.15.

Kert / Kristjánsson

Jóhanna Ósp Einarsson

L. L.

Jónbj B. Eir.

